

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurbæjar, nr. 530/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. samþykktarinnar:

- Við 4. tölul. bætist eftirfarandi: Jafnframt skal geta þess ef fundarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti.
7. tölul. verður svohljóðandi:
Undirritun fundargerða. Við lok fundar skal fundargerð lesin yfir og viðstaddir kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn/nefndarmenn staðfesta með undirritun að rétt hafi verið fært til bókar.
Hægt er að undirrita með eftirfarandi hætti:
 - Fundargerð skal prentuð út og skulu viðstaddir kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn/nefndarmenn rita með eigin hendi á fundargerðina og forseti bæjarstjórnar/formaður nefndar og fundarritarar skulu setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar.
 - Viðstaddir kjörnir fulltrúar bæjarstjórnar eða nefndarmenn skulu undirrita fundargerð með rafrænum skilríkjum strax að loknum fundi og skal fundargerð varðveitt rafrænt með mála-safni sveitarfélagsins.Við endurrit fundargerða skal setja skammstöfunina m.e.h. (með eigin hendi) aftan við nafn viðkomandi.
Bæjarfulltrúi/nefndarmaður sem vill gera athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað hana með fyrirvara um það atriði.
- Við 8. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi:
 - Hann undirritar fundargerð með rafrænum skilríkjum strax að loknum fundi.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Grindavíkurbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 8. janúar 2024.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.